



Græn spor – ábyrgar fjárfestingar

Birta lífeyrissjóður hefur sett sér umhverfisstefnu sem stjórn sjóðsins samþykkti í lok september 2018 í kjölfar stefnumótunarfundar á Flúðum. Áfanginn var staðfestur á táknrænan hátt með samningi við Skógræktina um gróðursetningu og skógrækt á þremur hekturum lands í Haukadal. Þetta er fyrsti samningur sinnar tegundar sem lífeyrissjóður gerir við Skógræktina og jafnframt stefnuyfirlýsing um verkefnið Græn spor Birtu.

Einhver gæti haldið að sjóðurinn ætli að hasla sér völl í skógrækt og tilheyrandi iðnaði en svo er ekki. Grænu sporin eru frekar ein af birtingarmyndum ábyrgar fjárfestingarstefnu og skýrari umhverfisstefnu sem Birta tileinkar sér í markvissum skrefum í starfsemi sinni út á við og inn á við. Grænu sporin snúa nefnilega líka að starfsfólki sjóðsins og rekstri hans. Markmiðið er að auka skilning og breyta viðhorfum, endurforrita okkur sjálf og vonandi aðra í framhaldinu!

Birta mun færa grænt bókhald, mæla rekstrarþætti og birta opinberlega upplýsingar um umhverfisáhrif af rekstrinum. Stuðlað verður að því að starfsfólkið „hugsi grænt“ og breyti í samræmi við það. Breytt viðhorf í grænum anda munu leiða til hagræðingar í rekstri, draga úr kostnaði og hafa jákvæð áhrif á umhverfið.

„Við höfum skuldbundið okkur til að fylgja viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar og við viljum sýna vilja í verki til að ná markmiðum íslenskra stjórnvalda og Parísarsamkomulagsins um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.

Okkur þykir rökrétt að kolefnisjafna starfsemi Birtu, enda kveður kjarasamningur ASÍ og SA á um að taka skuli mið af leiðbeiningum Viðskiptaráðs um góða stjórnarhætti og samfélagsábyrgð. Undir það falla loftslags- og umhverfismál,“ segir Hanna Þórunn Skúladóttir, forstöðumaður skrifstofu- og rekstrarsviðs Birtu lífeyrissjóðs.

Setur fjárfestingarráð Birtu upp „grænu gleraugun“?

„Já, það má gjarnan orða það svo en ég lít fyrst og fremst til þess að við séum að skerpa áherslu samfélagslegrar ábyrgðar. Birtingarmynd þessa er til dæmis sú að við erum byrjuð að gera opinberlega grein fyrir sjónarmiðum okkar, tillögum og ábendingum um stjórnarhætti og fleira á ársfundum og hluthafafundum félaga sem við eigum hluti í,“ segir Soffía Gunnarsdóttir, forstöðumaður eignastýringarsviðs Birtu.

„Í eignasafni Birtu eru fyrirtæki sem komin eru langt á þessu sviði og eru jafnvel til fyrirmyndar varðandi umhverfismál, samfélagsábyrgð og stjórnarhætti. Sjálfbærni og hugsun til langs tíma skiptir lífeyrissjóð miklu máli og þá hugsun viljum við rækta í eignasafninu.

Það má færa rök fyrir því og nefna dæmi um að græn hugsun bæti rekstur og afkomu fyrirtækja til skemmri og lengri tíma. Hún er einfaldlega góður business! Við horfum vissulega til kennileita ábyrga fjárfestinga við mat á félögum sem okkur býðst að fjárfesta í. Hins vegar eru líka fólgin áhugaverð tækifæri í því að fjárfesta í félögum sem EKKI standa sig vel gagnvart samfélagsábyrgð og stuðla þar að breytingum til batnaðar.“

MYND: Birtufólk og starfsmenn Skógræktarinnar eftir að 500 plöntur af stafafuru voru komnar á sinn stað í nýúthlutaðu landi lífeyrissjóðsins í september 2018.

Vinnufélagar urðu hluti af fjölskyldunni

„Ég naut þeirra forréttinda að vera á góðum vinnustöðum þar sem mér leið vel og hlakkaði til þess á hverjum morgni að hitta vinnufélagana. Nú er tilveran breytt og ég nýt hennar líka mjög vel. Það er notalegt að vakna að morgni dags og leyfa sér að kveikja á útvarpinu, kúra aðeins lengur og hlusta í rólegheitum á þætti sem ég annars hefði misst af.“

Birna Þóra Vilhjálmsdóttir lét af störfum hjá Birtu lífeyrissjóði 1. október 2018 eftir 34 ára samfelldan feril í lífeyrissjóðakerfinu. Kempan Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Sambands almennra lífeyrissjóða – SAL, réði hana til starfa 1984. Hún var þar í afleysingum í eitt ár. Þaðan lá leiðin til Lífeyrissjóðs byggingamanna, sem sameinaðist Sameinaða lífeyrissjóðnum 1992.

Sameinaði og Stafir lífeyrissjóður runnu síðan saman í Birtu lífeyrissjóð 1. desember 2016 og Birna var gjaldkeri frá upphafi Birtu til loka starfsferils síns. Hún sinnti annars alltaf lífeyrismálum hjá sjóðnum.

Tölvuvæðingin breytti miklu

„Ég skal alveg játa að breytingin við stofnun Birtu var mikil. Í aðdraganda þeirrar sameiningar hættu góðar vinkonur sem unnið höfðu með mér árum saman og kynslóðaskipti urðu í starfsmannahópnum, sem eðlilegt var.

Samstarfsfólk hefur alltaf verið mér sem nánir vinir, eiginlega hluti af fjölskyldunni minni. Lærður smiður sem starfaði með mér hjá Lífeyrissjóði byggingamanna og síðar í Sameinaða lífeyrissjóðnum lagði til dæmis parket á gólf þegar ég eignaðist íbúðina mína í Kópavogi á sínum tíma og hann kemur óbeðinn á hverju ári til að stilla alla ofna. Ég gæti nefnt fleiri dæmi um vinnufélaga sem urðu fjölskylduvinir í reynd.

Vinnubrögð lífeyrissjóða breyttust gríðarlega mikið þegar starfsemin var tölvuvædd. Við vorum áður með stórar möppur sem flett var fram og til baka til að skrá upplýsingar og leita upplýsinga. Hins vegar verður sjálft lífeyrissjóðakerfið sífellt flóknara fyrir

venjulegt fólk að skilja og nú bætist til dæmis við sá möguleiki að taka hálfan lífeyri í sjóðnum og hjá Tryggingastofnun. Ég ófunda ekki starfsfólk kerfisins að glíma við þá breytingu.“

Glíman við gigtina

Birna er gigtarsjúklingur og hefur um árabil glímt við þann erfiða sjúkdóm á háu stigi. Hún hefur því verið í 60% vinnu hin síðari ár og gengst reglulega undir umfangsmikla lyfjameðferð á sjúkrahúsi sem tekur heilan dag í hvert skipti með tilheyrandi vanlíðan og þrekleysi næstu sólarhringa á eftir.

„Margir eru veikari og verr haldnir en ég. Þess vegna stendur ekki til að kvarta en ég er ekki frá því að mér líði ögn betur af gigtinni eftir að ég hætti að vinna og álagið minnkaði að sama skapi.

Verkefnaleysi kvíði ég ekki. Ég er í Oddfellowreglunni og gegni þar embætti sem heldur mér við efnið. Barnabörnin eru verkefni líka og svo mun ég nota tækifæri til að ferðast. Þannig er á dagskrá að fara til Berlínar með börnunum í tilefni af sjötugsafmælinu mínu núna í desember. Fljótlega á nýju ári fer ég til útlanda í hópi um 80 Oddfellowkvenna. Tilveran er því einfaldlega dásamleg!“



Heimilt að hefja töku hálfis eftirlaunalífeyris frá 65 ára aldri

Þegar nýjar samþykktir Birtu lífeyrissjóðs tóku gildi 1. október sl. varð sjóðfélögum heimilt að sækja um töku 50% lífeyris hjá sjóðnum. Er þá helmingur lífeyrisréttinda greiddur út á meðan hinn helmingur þeirra er geymdur þar til sjóðfélaginn kys að hefja töku 100% lífeyris. Heimilt er að fresta töku 100% lífeyris til 80 ára aldurs og hækka þá geymdu réttindin fyrir hvern mánuð sem frestað er, í samræmi við samþykktir sjóðsins.

Í samræmi við lög um almannatryggingar frá 2016 er mögulegt að taka 50% lífeyri hjá Tryggingastofnun á móti 50% lífeyri frá lífeyrissjóðum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Sjóðfélagi þarf að hafa náð **65 ára** aldri.
- Samanlögð réttindi frá öllum lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun skulu að lágmarki vera **jöfn fullum lífeyri hjá TR**, nú 236.484 kr. á mánuði.

- **Allir** skyldubundnir lífeyrissjóðir sem sjóðfélagi á rétt í, innlendir sem erlendir, skulu samþykka að hann taki hálfan lífeyri.
- Greiðslur úr lífeyrissjóðum og frá Tryggingastofnun skulu hefjast samtímis.

Tekjur hafa ekki áhrif á greiðslur hálfis lífeyris

Sérstaka athygli vekur að tekjur hafa ekki áhrif á greiðslur 50% lífeyris og því þarf ekki að skila inn tekjuáætlun. Þetta gildir um allar skattskyldar tekjur, svo sem atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur. Fólk má því vinna samhliða töku hálfis lífeyris. Frekari upplýsingar um rétt til töku hálfis lífeyris almannatrygginga er að finna á heimasíðu Tryggingastofnunar, tr.is.

Helstu tölur úr hálfársreikningi

- **Virikum sjóðfélögum** Birtu lífeyrissjóðs fækkaði um 60 frá áramótum og voru 15.822 um mitt ár 2018. Iðgjöld tryggingadeildar námu alls 7.591 milljón króna fyrstu sex mánuði ársins sem er 15% aukning frá sama tíma í fyrra.
- **Lífeyrisþegar** voru 13.357 um mitt ár 2018 og lífeyrisgreiðslur tryggingadeildar alls 5.174 milljónir króna á fyrri helmingi ársins sem er 10,4% aukning frá sama tíma í fyrra.
- **Rekstrarkostnaður sjóðsins**, þ.e. skrifstofu- og stjórnunar-kostnaður, nam 371 milljón króna fyrstu sex mánuði ársins samanborið við 434 milljónir króna fyrir sama tímabil í fyrra.
- **Nafnávöxtun sjóðsins** reiknuð upp á ársgrundvöll fyrstu sex mánuði ársins var 5,16% og raunávöxtun 2,47%.
- **Hrein eign til greiðslu lífeyris** nam 359.693 milljónum króna í lok júní og hækkaði um 11.571 milljón króna frá lokum árs 2017 eða um 3,3%.
- **Tryggingafræðileg staða** hefur batnað. Heildarskuld-bindingar námu 3,25% umfram heildareignir um mitt ár en voru 3,44% umfram heildareignir í byrjun árs 2018.

Birtureitur í Haukadal

Birta lífeyrissjóður, fyrstur íslenskra lífeyrissjóða, samdi í haust við Skógræktina um að gróðursetja 7.500 plöntur af stafafuru, sitkagreni og alaskaösp á þremur hekturum lands í Haukadal. Samningurinn er til þriggja ára. Markmiðið er að kolefnisjafna starfsemi sjóðsins, stjórnarmanna hans og starfsfólks.

Þannig bregst Birta við þeim afleiðingum sem rekstur sjóðsins hefur fyrir náttúruna og stuðlar að því að draga úr koldíoxíði í andrúmslofti með því að binda jarðveg á gróðursnauðu svæði. Ávinningur kolefnisbindingar í trjám, botngróðri og jarðvegi í Haukadal verður eign Birtu til ársins 2069.

Samningurinn um Birtureit í Haukadal markar upphaf verkefnisins Græn spor Birtu í rekstri og starfsemi sjóðsins þar sem höfð er hliðsjón af hvatakerfinu Græn skref í ríkisrekstri og Grænum skrefum Reykjavíkurborgar.

„Orð eru til alls fyrst en við ætlum að sýna í verki ábyrgð gagnvart umhverfi og samfélagi og erum sannfærð um að umhverfismál í víðri merkingu hafi áhrif á fjárfestingarárangur. Þannig höfum við séð dæmi í eignasafni Birtu um að umhverfisvernd hafi dregið úr rekstrarkostnaði fyrirtækja og aukið framlegð þeirra,“ segir Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs.

„Birta á aðild að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (*Principles for Responsible Investment*) og mun stuðla að því að þær verði viðurkenndar og þeim framfylgt.

Meginstefið er að gæta hagsmuna afkomenda okkar og jarðarinnar til framtíðar með sjálfbærni í huga í stað þess að hegða sér gagnvart náttúrunni eins og enginn sé morgundagurinn. Langtímahugsun fer vel saman við starfsemi og eðli lífeyrissjóðs. Þess vegna höfum við ákveðið að sjálfbærni og virðing fyrir umhverfinu setji markvisst mark á rekstur Birtu og fjárfestingarstefnu sjóðsins.“



Samningur undirritaður í Haukadal.

Frá vinstri: Jakob Tryggvason, stjórnarformaður Birtu lífeyrissjóðs, Tryggvi Jóhannsson, skógarvörður á Suðurlandi, Ingibjörg Ólafsdóttir, varaformaður Birtu.

Hægt að fresta töku lífeyris til 80 ára aldurs

Frá 1. október sl. hefur sjóðfélögum Birtu staðið til boða að fresta töku lífeyris til allt að 80 ára aldurs. Mánaðarleg upphæð lífeyris hækkar hlutfallslega eftir því sem upphaf lífeyristöku er dregið, en þó ekki eftir að 80 ára aldri er náð. Almennur lífeyrisaldur er eftir sem áður 67 ára og hægt er að flýta töku lífeyris fram til 60 ára aldurs.

Samhliða því að sveigjanleiki við upphaf starfsloka eykst vaknar sú spurning hvenær hagstæðast sé að hefja töku lífeyris. Þetta verður hver að meta fyrir sig en þó að ekki sé til neitt einhlítt svar þá er það ætíð góð regla að huga að starfslokum með góðum fyrirvara.

Fólk á öllum æviskeiðum ætti að velta fyrir sér stöðu sinni hvað varðar lífeyri og afkomu á efri árum.

Við hvetjum fólk eindregið til að verja tíma í að kanna og prófa lífeyrisreiknivél Birtu sem sýnir á myndrænan hátt áhrif frestunar- og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris, að gefnum forsendum um aldur, mánaðarlaun, vænta ávöxtun og væntan eftirlaunaaldur. Þá er hægt að bæta við forsendum um úttekt séreignarsparnaðar eða tilgreindrar séreignar sem getur skipt miklu máli þegar upphaf eftirlauna er skipulagt.

Útreikningar miðast við forsendur. Reiknivélin er eingöngu til viðmiðunar og ekki er um endanlegan útreikning að ræða.

Smella á REIKNA og þá birtist:

- Súlu rit yfir áætlaðar mánaðargreiðslur fyrir skatta.
- Tafla um áætlaðar mánaðarlegar innborganir í lífeyrissjóð og réttindi frá lífeyristökualdri.
- Yfirlit um innborganir og ávöxtun inneignar í tilgreindri séreign og séreignarsparnaði, ef við á.

The screenshot shows the Birta life annuity calculator interface. It features a navigation bar with tabs for 'Lífeyrir', 'Séreign', 'Lán', 'Launagreiðendur', 'Um Birtu', and 'Reiknivélar'. The main content area is divided into three columns: 'Mánaðarlaun', 'Núverandi aldur', and 'Núverandi réttindi'. Each column has a corresponding input field and a 'REIKNA' button. Annotations with arrows point to these fields and buttons, providing instructions in Icelandic. The 'Mánaðarlaun' field is set to 450.000, 'Núverandi aldur' is 50, and 'Núverandi réttindi' is 0. The interface also displays various sliders for 'Aldur við byrjun úttektar', 'Vænt ávöxtun', and 'Útborgunartími'.

Slá inn núverandi mánaðarlaun

Slá inn núverandi aldur

Slá inn núverandi réttindi m.v. 67 ára aldur ef einhver eru

Færa stikuna og velja aldur við byrjun úttektar

Færa stikuna og velja útborgunartíma

Hagstæð sjóðfélagalán

Breytilegir vextir verðtryggðra lána 2,68% og breytilegir vextir óverðtryggðra lána 5,35%

Birta lífeyrissjóður býður upp á fjölbreytt og hagstæð lánakjör með allt að 65% veðhlutfalli. Lágmarkslán er 1.000.000 kr. Lántakendur geta valið milli óverðtryggðra lána með breytilegum vöxtum, nú 5,35% og verðtryggðra lána með breytilegum 2,68% vöxtum eða föstum 3,6% vöxtum. Lántökurétt eiga sjóðfélagar sem hafa greitt síðustu þrjá mánuði í samtryggingardeild, hafa greitt síðustu sex mánuði í séreignardeild eða eru með tveggja ára samfellda

greiðslusögu í sjóðinn. Sama rétt hafa þeir sem uppfylltu eitthvert skilyrðanna þegar taka lífeyris hófst.

Það er einfalt að sækja um lán rafrænt á birta.is

Við mælum eindregið með því að fólk skili rafrænni umsókn á birta.is þar sem það dregur úr pappírnotkun og flýtir afgreiðslu erinda.